

Alþingi  
Erindi nr. þ 138/1539  
komudagur 7.4.2010

SFF  
SAMTÖKEFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA  
Icelandic Financial Services Association

Reykjavík, 31. mars 2010

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis  
Nefndasvið  
150 Reykjavík

**Varðar: Frumvarp til brt. á l. nr. 116/2006, stjórn fiskveiða (byggðakvóti), 424. mál.**


SFF vísa til beiðni nefndarinnar frá 19. mars sl. um umsögn 424. þingmál.

Gerðar eru alvarlegar athugasemdir við 2. gr. frumvarpsins. Öll skilyrði eða takmarkanir á ráðstöfunum á eignum eða réttindum gjaldþrota félags/einstaklings sem og ef viðkomandi er í greiðslustöðvun getur rýrt stöðu og/eða úrræði sem kröfuhöfum eru tæk lögum samkvæmt. Þau skilyrði og þær takmarkanir sem frumvarpið boðar eru til þess fallin að hafa neikvæð áhrif á endurheimtur kröfuhafa.

Rétt er að benda á að með frumvarpi þessu er mögulega verið að styrkja stöðu eigenda þeirra fyrirtækja sem eiga í greiðsluvanda á kostnað kröfuhafa. Slík lagasetning getur snúist upp í andhverfu sína og gert það að verkum að lánadrottinnar geri það að skilyrði fyrir endurfjármögnun og/eða veitingu nýrra lána að viðkomandi aðili flytji lögheimili starfssemi sinnar til að gæta sinna hagsmuna.

Hafa ber í huga að fjármálafyrirtækjum ber að fara eftir lögum nr. 107/2009 og sameiginlegum verklagsreglum á þeirra grunni í tengslum við endurskipulagningu fyrirtækja. Þar er m.a. gert ráð fyrir að litið skuli til byggðasjónarmiða þegar kemur að ákvörðunum tengdum endurskipulagningu fyrirtækja sem eiga í greiðsluerfiðleikum, þ.m.t. sjávarútvegsfyrirtækjum. Telja verður óeðlilegt að ráðherra hafi lögbundna heimild til að grípa inn í endurskipulagningarmál einkaaðila sem eru á forræði viðkomandi banka eða eftir atvikum skiptastjóra þrotabúa. Í þeim efnum skal líka haft í huga að í 12. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, er ákvæði sem veitir sveitarfélögum forkaupsrétt að fiskiskipum og aflaheimildum. Núverandi lög tryggja því hagsmunum sveitarfélaga ef svo ber undir.

Virðingarfyllst,



Guðjón Rúnarsson,  
framkvæmdastjóri